

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

2. júní 2017

Umsögn Samorku um frumvarp til laga um landgræðslu, 406. mál

Með vísan í póst frá nefndasviði Alþingis frá 16. maí, þar sem tilkynnt var að Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendi Samorku til umsagnar frumvarp til laga um landgræðslu, þá veitir Samorka hér umsögn sína.

Fram kemur í greinargerð lagafrumvarpsins að lögin snúist um vernd og nýtingu lands og meðferð þess. Markmið laganna séu að „komist sé hjá raski á gróðri og jarðvegi, að nýting lands verndi og auki líffræðilega fjölbreytni“. Jafnframt þurfi löggjöfin að gera þátttöku almennings og haghafa mögulega í stefnumótun sem varðar gróður- og jarðvegsvernd og auka þekkingu á mikilvægi jarðvegs og gróðurs og sjálfbærri nýtingu lands“

Samorka tekur vel í frumvarpið og þau markmið sem þar eru sett fram. Samtökin vilja þó koma á framfæri ábendingu um að taka þurfi tillit til vatnsverndarsjónarmiða í frumvarpinu. Það mætti t.d gera með því að bæta við sérstakri grein eða a.m.k með því að fjalla um vatnsvernd í 7. grein frumvarpsins, eins og fjallað er um hér að neðan.

Það eru fá mál jafn mikilvæg fyrir umhverfi landsins og heilsufar þjóðarinnar og vatnsvernd. Á Íslandi er yfirgnæfandi meirihluti þess neysluvatns sem vatnsveitur skila til neytenda ómeðhöndlað. Það þýðir að til þess að tryggja heilnæmi og öryggi neysluvatnsins, þá þarf að leggja gríðarlega áherslu á vatnsverndina.


Athugasemdir við einstaka greinar

7. grein - Svæðisáætlanir um landgræðslu

Að mati samtakanna er mikilvægt að við gerð landgræðsluáætlanna sé tekið tillit til sjónarmiða vatnsverndar, og því væri æskilegt að í greininni væri fjallað um að svo skuli gert.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Sigurjón Norberg Kjærnestal,

Staðgengill framkvæmdastjóra